



Umhverfisnefnd Alþingis  
Frú Sigrún B. Einarasdóttir, nefndarritari  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1254*  
*komudagur 8.3.2004*

þk/kj

Bessastaðahreppi, 05.03.2004.

Efni: **Bréf, dags. 05.02.2004, frá umhverfisnefnd Alþingis, varðandi tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.**

Á fundi hreppsráðs Bessastaðahrepps 4. mars 2004 var lagt fram bréf frá umhverfisnefnd Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Svohljóðandi samþykkt var gerð:


“Hreppsráð fagnar því að svæðið Álftanes-Skerjafjörður skuli vera meðal 14 svæða sem tekin verða til skoðunar á næstu fimm árum skv. þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Hreppsráð samþykkir að leggja til að fjara og grunnsævi við Álftanes svo og tjarnir á Álftanesi verði vernduð í náttúruverndaráætlun. Hreppsráð setur þó fyrirvara við að stór svæði, eins og Hlíðsnes, Breiðabólstaðaeypri og Bessastaðanes falli í heild sinni innan verndarsvæðis, þar sem þessi svæði og önnur eru til athugunar.

Hreppsráð lýsir yfir vilja sínum til að fara í viðræður við umhverfissráðuneyti um framgang náttúruverndaráætlunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

  
BESSASTAÐAHREPPUR  
SKRIFSTOFUSTJÓRI  
Þorður Kristleifsson, skrifstofustjóri.